

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017.

1. gr.

Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar er skipuð tveimur fulltrúum Borgarbyggðar, tveimur fulltrúum Skorradalshrepps, og einum fulltrúa Skipulagsstofnunar með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að fella úr gildi svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að niðurfellingu svæðisskipulagsáætlunar skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna til sveitarstjórnar. Að loknum sex vikna athugasemdafresti sveitarstjórnar skal samvinnunefnd afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við niðurfellingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Borgarbyggð 25% og Skorradalshreppur 25%.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. desember 2010. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. maí 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.